



Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 10. nóvember 2018

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 155. Mál

Verkfræðingafélag Íslands, VFÍ, fagnar allri viðleitni til aukinnar hagræðingar og ábyrgðar í rekstri hins opinbera, þar með talið varðandi meðferð almannafjár.

155. mál sem nú er til umfjöllunar virðist geta fallið að þessu markmiði, en jafnframt og ekki síður að hugsunin sé að vinna að því nauðsynlega markmiði að auka skilvirkni og einföldun einstakra verkferla, sem eru hluti hins daglega lífs marga sem sinna þurfa erindum hjá hinu opinbera.

Það kemur því á óvart að þegar fjallað er um meðferð leyfismála er snerta mannvirkjagerð og þar með talið innviðaupbyggingu, en það er sá málaflokkur sem snertir störf tæknimanna hvað mest, þá virðist sem ákjósanleg skref séu ekki stigin til fulls.

Má þar benda á eftirfarandi orðalag:

„Lögð verður áhersla á að tryggja áframhaldandi gott samstarf og samhæfingu milli ráðuneytanna, m.a. í tengslum við skipulagsmál og umhverfismál almennt í tengslum við mannvirkjagerð og eftirlit með mannvirkjum.“

VFÍ hefði talið ákjósanlegt að í stað þessa orðalags hefði komið setning sem vísaði í nauðsyn þess að auka skilvirkni og stefnufestu í öllu því sem snýr að skipulagsmálum og leyfisveitingum.

Segja má að skrefið sé stigið til háls með því að tala um flutning Mannvirkjastofnunar til nýs ráðuneytis er fjallar um innviðaupbyggingu. Á sama tíma má segja að það veki bæði furðu og áhyggjur að ekki skuli talað um flutning Skipulagsstofnunar og Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála í sömu málsgrein. Með flutningi þessara stofnana ásamt Mannvirkjastofnun, væri verið að samþætta í heild sinni undir einu ráðuneyti málaflokka er fjalla um innviðaupbyggingu og mannvirkjagerð. Slíkur flutningur ætti bæði að ná markmiðum um hagræði og skilvirkni í málaflokkunum.

VFÍ minnir á umsagnir félagsins varðandi lög nr. 106/2000 í þessu samhengi auk þess sem vakin er athygli á væntanlegri ráðstefnu VFÍ um skilvirkni í áætlanagerð sem haldin verður n.k. fimmtudag, 15. nóvember.

Fyrir hönd Verkfræðingafélag Íslands

Páll Gíslason
formaður

Verkfræðingafélag Íslands, Engjateig 9, 105 Reykjavík
KT: 680269 6299, sími: 535 9300